

Fundargerð - áttundi fundur stýrihóps um tjáninga- og upplýsingafrelsi, dags. 17. September 2015

Mættir fundarmenn: Hörður Helgi Helgason (formaður), Elfa Ýr Gylfadóttir, Aðalheiður Ámundadóttir, Páll Þórhallsson, Elísabet Pétursdóttir (starfsmaður).

Fundargerð:

- HHH hóf fundinn á því að greina frá fundi sínum með Dunju Mijatovic (DM), fulltrúa ÖSE fyrir frelsi fjölmiðla. EÝG spurði HHH hvað DM hefði sagt um afnám reginga í XXV. kafla almennra hegningarlaga, t.d. hvort hún væri tilbúin að koma með einhverskonar alit um efnið.
- HHH ræddi um álit refsiréttarnefndar um XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. EÝG bar upp þá spurningu hvort væri rétt að halda þessum kafla áfram inni í almennum hegningarlögum eða hvort færa ætti þetta inn í einkarétt. HHH sagðði að hugsunin væri að láta hinn almenna skaðabótarétt taka við þessu, þ.e.a.s. ef tjón hefur orðið, en fella að meginstefnu brott úr refsirétti.
- HHH minnti á að stýrihópurinn er ekki með neitt opið hvað varðar meiðyrðamálaflakk. EÝG telur það efni ekki vera eins aðkallandi þessa stundina eins og þegar Ísland var í viðræðum um aðild að ESB. Til frekari rökstuðnings benti hún á að málum af þessu tagi hefði snarfækkað eftir 1. janúar 2014 þegar ný lög tóku gildi í Bretlandi. Enn fremur benti hún á skjal þar sem farið er yfir rök með og á móti. HHH spurði þá hvort þörf væri á að taka frá tíma til að gera eitthvað í þessum efnum. EÝG taldi að í framkvæmd væri búið að girða fyrir þetta en hugmyndafræðilega sé þetta ófrágengið. Að lokum fjallaði hún um að þetta væri stærra mál en svo að það væri eingöngu bundið við Ísland. Niðurstaðan var því að stýrihópurinn hyggst ekki að aðhafast í þessu máli að svo stöddu.
- HHH bað PP um að leiða hópinn í gegnum ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga. PP byrjaði á að gera grein fyrir að það yrði að gera fleira en bara að afnema refsingar, t.d. að nútímavæða ákvæðin enda eru sum ákvæðin algjörlega óskiljanleg.
- PP um uppfærð drög að frv. um afnám refsinga í XXV. kafla almennra hegningarlaga:
 - PP velti fyrir sér hvort það sé ekki nóg í bili að einbeita sér að því að endurorða ákvæðin. EÝG sagði að tímaritsgrein hennar og KAX hafi komið út í gær, 16. september 2015, í tímariti Lögréttu. Þar eru teknir saman allir dómur í meiðyrðamálum síðan árið 2005. PP benti á að tilefni sé til að stýrihópurinn kortleggi dómaframkvæmdina út frá þeirri vinnu sem hann vinnur.
 - Umfjöllun um 234. (móðganir) og 235. gr. (aðdróttanir) almennra hegningarlaga. Hann frá greindi frá því að þessar greinir innihaldi kjarnaákvæðin.

234. gr. almennra hegningarlaga: ÞP spurði hvort það sé enn þá ástæða til að lýsa móðganir ólögmetar? Greinin nær yfir ef einhver kallar annan mann t.d. fífl, asna eða fávita.

235 gr. almennra hegningarlaga: ÞP ítrekaði að það sé að lágmarki rétt að afnema fangelsisrefsingu. Í ákvæðið vantar hvaða vörnum megi koma við - t.d. hvort það eigi að hafa áhrif hvort ummæli séu sönn. Hann tók dæmið sem rætt var á síðasta fundi um að maður segir að einhver sé fyllibytta (sem hægt er að sanna) - á það að vera vörn ef viðkomandi er drykkfelldur maður? En ef blaðamaður sé í góðri trú? Hann benti enn fremur á að MDE hafi talið að ummæli séu varin þó að viðkomandi takist ekki að sanna þau. Þá vísaði hann til umfjöllunar MDE um hvort það eigi að vera mönnum til varna ef um ræðir gildisdóma. ÞP tók dæmi af verkfræðingi sem kallaði skip manndrápsfleytu. Honum tókst að sanna að það væri illa hannað en ummælin voru slík að þau voru samt sem áður talin brjóta gegn ákvæðinu. Eftir breytingar yrðu úrræðin þá ómerking og eftir atvikum bætur.

- ÞP telur ákvarðanir um hin ákvæðin (þ.e. fyrir utan 234. og 235. gr.) leiða af þeirri vinnu sem lögð verður í 235. gr. alm. hgl. Það gæti farið svo að 236. gr. eigi ekki lengur rétt á sér. Það kann að verða eitthvað eftir af 237. gr. sem enn eigi rétt á sér en það fari þó mjög eftir því t.d. hvaða vörnum verður hægt að koma að í 235. gr.
- ÞP sagðist ætla að koma með verkefnaáætlun fyrir frumvarpssmíðina á næsta fund.
- Vernd afhjúpenda: AÁ sagðist ekki hafa klárað frumvörp um efnið. Hún svarar á næsta fundi hvað framhaldið með það verður.
- Bréf til höfundaréttarnefndar: AÁ segist vera með það í farvegi og ætlar að senda það til stýrihópsins í næstu viku.
- Gagnageymdin: AÁ segist þurfa fund með ÞKG þar sem IRR hafi hug á að fara fram með frumvarp til breytinga á ákvæðum almennra hgl. um símhlustun. Enn fremur greindi hún frá því að það eigi eftir að setja upptalningu á ákvæðum inn í greinina. Þarf að skoða frumvarp IRR í þessu samhengi.
- Málskostnaður í málum er varða tjáningafrelsi: Óbreytt staða frá síðasta fundi.
- Frumvarp um 233. gr. a alm. hgl: Sjá póst frá ÞKG. EYÓ kíkir á tölvupóstinn. Ákveðið að senda ekki til umsagnar að svo stöddu.

Næstu fundir:

1. október kl. 9-11 (níundi fundur)

14. október kl. 9-11 (tíundi fundur)

17. nóvember kl. 9-11 (ellefti fundur)